

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 214/2018

frá 26. október 2018

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um sölu váttrygginga (endurútgefin) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar hvaða dag lögleiðingarráðstafanir aðildarríkjanna koma til framkvæmda <sup>(2)</sup>.
- 3) Reglugerð (ESB) 2016/97 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB <sup>(3)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Liður 13b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB) fellur brott:
2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB):

„13e. **32016 L 0097**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um sölu váttrygginga (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19), breytt með:

- **32018 L 0411**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/411 frá 14. mars 2018 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 28).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 76 19.3.2018, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni, í þeirri röð.
- b) Vísanir í aðrar gerðir í tilskipuninni teljast eiga við, að því marki og á þann hátt sem þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- c) Í í fjórðu undirgrein 1. mgr. 5. gr., aðra undirgrein 3. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. koma orðin „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ á eftir orðunum „Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin“.
- d) Í 3. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 8. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2016/97 og (ESB) 2018/411, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.